



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstæti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2023

Tilvísun: 2303030/0.7.6

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, 180. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingi, dags. 22. september 2023, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vaktstöð siglinga (skipulag o.fl.), 180. mál. Landhelgisgæsla Íslands vill ítreka áður senda umsögn sína sem send var Alþingi 12. maí 2023, vegna frumvarpsins eins og það var lagt fyrir á 153. löggjafarþingi, 975. mál, enda hefur ekki að öllu leyti verið tekið tillit til þeirra athugasemda í frumvarpi því sem nú er lagt fyrir Alþingi. Enn fremur vísar Landhelgisgæsla Íslands til fyrri umsagnar sinnar við frumvarpið sem send var inn á Samráðsgátt þann 15. mars 2023.

Landhelgisgæsla Íslands fagnar flestum þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu og telur til mikilla bóta að tekið hafi verið tillit til athugasemda stofnunarinnar við fyrri frumvarp að því er varðar tilkynningar til vaktstöðvar siglinga þegar farþegaskip hyggjast setja farþega í land milli hafna.

Þá er það vissulega skref í rétta átt að kveðið verði á um að Vegagerðinni verði heimilt að fela Landhelgisgæslu Íslands að annast tiltekin verkefni vaktstöðvar siglinga, enda fer Landhelgisgæslan í dag í raun með framkvæmd þeirra verkefna sem kveðið er á um í lögnum. Með frumvarpinu er einnig að einhverju leyti brugðist við áður fram komnum athugasemdum um að vaktstöð siglinga skorti sjálfstæðar valdheimildir en Landhelgisgæslan telur óheppilegt að Vegagerðin fari með þær heimildir og að Landhelgisgæslunni sé gert að sækja stoð fyrir töku íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana í umboð frá annarri stofnun eða þjónustusamning. Eðlilegra væri að stofnuninni verði formlega falin ábyrgð á vaktstöðinni samkvæmt lögum og þeim valdheimildum sem vaktstöð siglinga eru ætlaðar, beint og milliliðalaust. Þetta viðhorf kemur enn fremur fram hjá Ríkisendurskoðun í skýrslu um stjórnsýsluúttekt á Landhelgisgæslu Íslands frá janúar 2022.

Því er rétt að ítreka enn og aftur að Landhelgisgæsla Íslands telur það til þess fallið að einfalda rekstur vaktstöðvar siglinga, málsmeðferð og skýra lagaumhverfið, að Landhelgisgæslu Íslands sé formlega falin ábyrgð á vaktstöð siglinga skv. lögum og þeim valdheimildum sem vaktstöð siglinga eru ætlaðar, beint og milliliðalaust.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á ný á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og gera grein fyrir umsögn þessari.

Virðingarfyllt,

Guoríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur